



361. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis 4. nóvember 2009 kl. 11:30. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Einar Á. Sæmundsen og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögfræðingur, Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt, Elsa Ingjaldsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Sigrún Ágústsdóttir lögfræðingur og Ólafur A. Jónsson deildarstjóri bæði frá Umhverfisstofnun, Stefán Thors skipulagsstjóri ríkisins og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsstjóri uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps mættu vegna 2. dagskráliðar.

Þetta gerðist:

1. Grisjun í Hrafnagjárdhalli

Þingvallanefnd samþykkir erindi Skógræktar ríkisins um grisjun og fellingu á Hrafnagjárdhalli skv. innsendri greinargerð. Nefndin ítrekar að grisjun og felling skal stuðla að því að opna betur aðgengi að skógarsvæðinu í Hallinum og laga skógarreitina betur að landslagi.

Nefndin fellst ekki á tillögu um nýjan slóða frá skógarreitnum út á veg og vísar til þess að núverandi slóði var lagfærður fyrir nokkrum árum og er í ágætu lagi. Nefndin beinir þeim tilmælum til Skógræktarinnar að nýta aðstæður þegar frost er í jörðu til að aka út timbri.

Þá samþykkir nefndin að stæði fyrir viðarstafla verði fundinn hentugur staður, þó ekki stærri en sem nemur stæði fyrir u.þ.b. fjóra fólksbíla. Gerð stæðisins og lagfæring vegslóðans, ef Skógræktin telur þess þörf, skal vera á kostnað Skógræktarinnar. Skógræktin skal bera kostnað af lagfæringum á vegslóðum eftir framkvæmdina ef rask hlýst af.

Við framkvæmdina skal halda raski í lágmarki og skal samráð haft við Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúa þjóðgarðsins um allt er hana varðar þ.á m. umgengni og frágang útkeyrsluleiðar sem og brottflutning/uppsöfnun timburs.

Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar og athugasemdir

Einar E. Sæmundsen lagði fram drög að greinargerð dags. 3.11.2009 með tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Árið 2005 hófst vinna við gerð tillögu að deiliskipulagi í þjóðgarðinum á svæði við Valhallarstíg og í

landi Kárastaða, svæði sem er 187,8 ha og eru 77 sumarhúsalóðir innan þess. Deiliskipulaginu er ætlað að stýra þróun og endurbyggingu í núverandi frístundabyggð. Drög að deiliskipulagi hafa verið kynnt lóðarleiguhöfum. Þau eru byggð á mælingu svæðisins og sýna lóðir og lóðastærðir í samræmi við gildandi lóðarleigusamninga. Deiliskipulagsdrögin eru í samræmi við staðfest aðalskipulag Bláskógabyggðar 2004–2016. Samkvæmt tillöggunni er ekki gert ráð fyrir nýjum lóðum á svæðinu, girt verði norðanvert með þjóðvegi þannig að svæðið milli þjóðvegjar og Almannagjár verði friðað og félaust, hægt verði að krefja lóðarleiguhafa um að fjarlægja allar girðingar á svæðinu þegar samningar verða endurnýjaðir, skoða nánar ákvæði um stöðurétt fyrir byggingar og ferðarétt almennings og setja nýja skilgreiningu á einkanotarétti á svæðum næst húsum.

Að mati Einars liggja nú fyrir góðar upplýsingar um staðhætti. Ljúka þurfi endurskoðun byggingarskilmála áður en gengið yrði frá lokatillögu að deiliskipulagi.

Stefán Thors skipulagsstjóri rakti ferli skipulagsvinnu skv. skipulagslögum og upplýsti að ca. 20 ár eru síðan farið var að huga að skipulagsmálum á Þingvöllum. Skipulags- og byggingalög nr. 73/1997 fela sveitastjórnnum að annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana, fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingar- og framkvæmdarleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna. Sveitarstjórn samþykkir þannig aðal- og deiliskipulag innan þjóðgarðsins en í fullu samráði við Þingvallanefnd. Deiliskipulag skal vera í samræmi við stefnu aðalskipulags Bláskógabyggðar.

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps skýrði frá því að skipulagsnefnd hafi haft drögin hjá sér í tvö ár. Umsagnir hafi borist frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun. Með aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2004–2016 hefur verið ákveðið að hámarksnýtingarhlutfall sumarhúsa sé 3% af lóðarstærð. Þetta samrýmist ekki núgildandi byggingarskilmálum Þingvallanefndar, þar sem lóðir innan þjóðgarðsins eru misstórar en einnig vegna svigrúms sem þeir veita til að nýta efri hæðir og kjallara í endurbyggðum húsum. Afgreiðsla mála hefur verið á þann veg að Þingvallanefnd hefur fyrst samþykkt breytingar á húsum innan þjóðgarðsins áður en sveitarstjórn hefur afgreitt erindið. Þingvallanefnd átti fulltrúa í vinnuhópi við gerð aðalskipulags Bláskógabyggðar

Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands gerði grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar við tillögu að deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að ekki er fjallað um neysluvatnstöku og fráveitugerð í greinargerð. Vísað er til reglugerðar 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs Þingvallavatns. Er þar fjallað um safn- og rotþrær og bent á að beita skal ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa til að minnka magn köfnunarefnis og fosfórs af völdum fráveitna. Heilbrigðiseftirlitið bendir einnig á að koma þarf fram í deiliskipulaginu hvar vatnsból eru staðsett. Í lögum nr. 9/2009 eru ákvæði sem skylda sumarbústaðaeigendur til rotþróarlosunar og sveitarfélög geta sett gjaldskrár varðandi það. Elsa benti á að Valhallarstígur er á mjög viðkvæmu svæði og taldi að þar ættu að vera þurrsalerni.

Ólafur A. Jónsson deildarstjóri Umhverfisstofnunar skýrði athugasemdir stofnunarinnar en þær snúa að aðgengi almennings að strönd Þingvallavatns frá Valhallarstíg syðri að Rauðkususnesi en tillagan gerir ráð fyrir að lóðamörk verði girt alveg niður að Þingvallavatni. Að mati Umhverfisstofnunnar samræmist deiliskipulagið þannig ekki 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að það hindri umferð gangandi manna.“ Af þessu leiði að tillagan sé ekki í samræmi við lög.

Sigrún Ágústsdóttir lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun vakti athygli á að auk almennra laga, m.a. um náttúruvernd gilda tvö sérlög um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Samþykkt að fá fulltrúa sveitarfélagsins á fund Þingvallanefndar.

Álfheiður Ingadóttir vék af fundi.

3. Önnur mál

Árni Johnsen lagði fram eftirfarandi tillögu:

Undirritaður leggur til að Þingvallanefnd hefji nú þegar undirbúning að byggingu Þingvallaseturs sem hýsi a.m.k. 200 herbergja hótél og meðfylgjandi ferða- og ráðstefnuaðstöðu. Í Þingvallasetrinu verði einnig þingsalur fyrir Alþingi og Þingvallasalur sem hýsi sögu Þingvalla.

Þingvellir eru stór hluti af hjarta Íslendinga og rík ástæða til þess að allir Íslendingar eigi kost á að njóta nærveru þingvalla með gístaðstöðu, en ekki aðeins íslenskir auðmenn sem eiga sumar og vetrarhús á Þingvöllum.

Alls þarf að gæta í virðingu Þingvalla og grundvallaratriði að bygging Þingvallaseturs falli að sérstöðu Þingvalla bæði í hæð og breidd. Gott dæmi um glæsilegt hús sem byggir á náttúrumynd er Norræna húsið í Færeyjum.

Þorgerður Katrín lagði til haldinn verði sérstakur fundur fundur um Valhallarreitinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55.

